

## Fundargerð 426

Föstudaginn 13. mars. kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Eftirfarandi stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Einar E. Einarsson, Halla Björk Reynisdóttir (varamaður), Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson (varamaður) og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigurður Árnason (við dagskrárlið 7), Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt var fundarritari.

Ásthildur Sturludóttir og Sigríður Jóhannesdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 10:05 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársreikningur 2014
3. Skýrsla innri endurskoðunar
4. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015
5. Lántaka hjá NIB
6. Yfirlýsing um að ekki sé greiddur kaupauki
7. Aflamark Byggðastofnunar
8. Fundargerðir lánanefndar
9. Staða húsnæðismála Byggðastofnunar
10. Brothættar byggðir og frumvarp um byggðaáætlun og sóknaráætlanir
11. Ársfundur Byggðastofnunar – undirbúningur
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 425 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Ársreikningur 2014

AÐ og MH fóru yfir Ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2014, skýrslu endurskoðanda, skýrslu endurskoðunarnefndar, fundargerðir endurskoðunarnefndar og ýmsar sundurliðanir úr rekstri.

Hagnaður ársins nam 349,2 mkr., eignir námu 13.917 mkr., skuldir voru 11.265 mkr. og eigið fé 2.652 mkr., eiginfjárhlutfall í árslok var 20,2%.

Formaður bar upp ársreikning Byggðastofnunar vegna ársins 2014 og var hann samþykktur samhljóða.

### 3. Skýrsla innri endurskoðanda

Hringt var í Margréti Pétursdóttur innri endurskoðanda Byggðastofnunar. Fór hún yfir skýrslu innri endurskoðanda og þær tillögur og ábendingar sem þar komu fram.

#### 4. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

SBS og EGK fóru yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og AÐ fór yfir stöðu reksturs 28. febrúar.

Spurt var út í lánveitingar til landbúnaðar. Forstjóra og forstöðumanni fyrirtækjasviðs var falið að leggja fram minnisblað um málið á næsta stjórnarfundum.

#### 5. Lántaka hjá NIB

...

#### 6. Yfirlýsing um að ekki sé greiddur kaupauki

AÐ fór yfir bréf sem barst frá Fjármálaeftirlitinum (FME) þar sem upplýst er að tilkynna þurfi FME hyggist fyrirtæki eða félag greiða einum eða fleiri starfsmönnum sínum kaupauka. Einnig skuli fyrirtæki senda inn tilkynningu um að það ætli ekki að setja sér kaupaukakerfi.

Forstjóri leggur til að ekki verður greiddur kaupauki á árinu 2015.

Samþykkt samhljóða og forstjóra falið að upplýsa FME um niðurstöðuna.

#### 7. Aflamark Byggðastofnunar

SÁ kom á fundinn og fór yfir umsóknir sem bárust frá Valþjófi ehf. annars vegar og Fiskvinnslu Flateyrar og útgerðum á Flateyri hins vegar. Rætt hefur verið við umsækjendur og kallað eftir frekari gögnum og útfærslu á hugmyndum umsækjenda eftir því sem þurft hefur. Stjórn samþykkir að fela forstjóra að ganga til samninga við Fiskvinnslu Flateyrar og útgerðir á Flateyri á grundvelli umsóknar þeirra og þeim gögnum sem lögð hafa verið fram.

SÁ vék af fundi

#### 8. Fundargerðir lánanefndar

EEE vék af fundi vegna skyldleika við umsækjendur.

EGK og AÐ fóru yfir fundargerðir lánanefndar nr. 4/15, 17. febrúar 2015, 5/15, 25. febrúar 2015 og 6/15, 4. mars 2015.

Fundargerðirnar staðfestar.

EEE kom aftur á fundinn.

#### 9. Staða húsnæðismála Byggðastofnunar

AÐ kynnti þau tilboð og viljayfirlýsingar sem bárust eftir auglýsingu stofnunarinnar.

Tveir verktakar lýsa áhuga á nýbyggingu, einn á breytingu gamals húss auk viðbyggingar við það. Núverandi leigusali lýsir áhuga á viðræðum um áframhaldandi leigu.

Ákveðið var að óska eftir því við ráðherra að hönnun og smíði nýbyggingar verði sett í formlegt ferli.

## 10. Brothættar byggðir, og frumvarp um byggðaáætlun og sóknaráætlanir.

SBS og AP sögðu frá stöðu verkefnisins brothættar byggðir en byrjað er að ráða í störf verkefnastjóra. Dreift var drögum að frumvarpi til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir og breytingu á lögum um Byggðastofnun.

## 11. Ársfundur Byggðastofnunar – undirbúningur

Ársfundur Byggðastofnunar verður í Vestmannaeyjum 10. apríl nk. Formaður sagði frá fundi sínum með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og að hann hefði ákveðið að sækjast ekki eftir endurskipun sem formaður stjórnar Byggðastofnunar.

AP sagði frá efni sem til stæði að fjalla um á ársfundinum og SBS sagði frá málþingi sem haldið verður í tengslum við fundinn.

## 12. Önnur mál

Engin önnur mál.

## 13. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 10. apríl 2015 í Vestmannaeyjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____